

Reykjavík 22. september 2020

Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna fyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Flokk fólksins um loftgæðavandamál – R20080156

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur er með svör við hluta fyrirspurnarinnar og varðar starfsvið eftirlitsins. Þó fyrirspurnin sé nefnd „loftgæðavandamál“ beinist hún eingöngu að rakvandamálum og því svarað út frá því en ekki öðrum þáttum sem hafa áhrif á loftgæði í húsnæði.

Alltaf þegar koma upp raka- og lekaskemmdir í húsnæði á alltaf nr. 1,2 og 3 að uppræta orsök, fjarlægja mögulega skemmt byggingarefni og þrifa. Við erum með slóð hér til að leiðbeina fólki að skoða húsnæði sitt bæði rekstaraðilum sem einkaaðilum sjá hér <https://reykjavik.is/heilbrigdi-husnaedis> þarna eru gátlistar og ýmislegt gagnlegt. Þetta er staðlað verklag á landsvísu sem og alþjóðlega. Öllum sem telja sig vera með einkenni sem rekja má til raka- og leka í húsnæði er ráðlagt að leita til læknis. Engar upplýsingar liggja fyrir um algengi heilsufarsvandamála á Íslandi né þróun slíks varandi raka og leka í húsnæði. Hins vegar liggur fyrir að loftgæði í húsnæði á öllu landinu hafa stórbatnað. Það má rekja til betra húsnæðis almennt, meiri þekkingu og ekki síst eftir að kolakyndingu húsa var hætt með tilkomu hitaveitu. HER sinnir öllum beiðnum um skoðun á húsnæði ekki síst þar sem talið er að vandamál séu til staðar sem geta verið heilsuspillandi auk þess að leiðbeina umráðamönnum húsnæðis um endurbætur og skyldur sínar. Ef húsnæði eða hlutar húsnæðis eru metnir heilsuspillandi er þeim lokað og/eða hvatt til að slíkt húsnæði sé ekki notað eftir eðli máls auk þess sem kröfur um úrbætur eru gerðar. Spurt er hvort fulltrúar umhverfis- og skipulagssviðs hafi kynnt sér hvernig störfum sérfræðinga í öðrum löndum er háttað þá er því til að svara að heilbrigðisfulltrúar HER hafa gert það og er stöðugt fylgst með þróun þessa málaflökks sem öðrum og heyra undir starfsvið HER. Þess má geta að heilbrigðisfulltrúar HER hafa lagt til þekkingu við skýrslugerð á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytis og velferðarráðuneytis um bætt loftgæði og heilsu sjá https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/Rit_2013/Loftgaedaskyrslan_2013_04_16.pdf og hægt er að finna víðtækan fróðleik um loftgæði og heilsu. Auk þess á sæti heilbrigðisfulltrúi frá HER, í þverfaglegum hópi Landlæknisembættisins um raka og leka í húsnæði. Öll fyrirtæki undir eftirliti HER fá kröfur um úrbætur eftir því sem við á. Almennigur ber síðan ábyrgð á lagfæringum og eðlilegu viðhaldi á sínu húsnæði. Reykjavíkurborg/umhverfis- og skipulagssvið hefur ávallt brugðist hratt og vel við því sem brýnt er að bregðast við í húsnæði á vegum borgarinnar sem og ábyrgarmenn þess og varðar þætti sem taldir eru heilsuspillandi. HER tjáir sig að öðru leyti ekki um fyrirspurnina og órökstuddar fullyrðingar í greinargerð sem fylgdi.

Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri
Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur